

Nð.

396. Nefndarálit

um frv. til laga um gjaldprotaskifti.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum minni háttar

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. 2. lið.
Upphaf liðarins orðist svo:
Eftir kröfu lánardrottins um bú manns (o. s. frv.).
2. Við 3. gr. Í stað »hvoratveggja« komi: hvoratveggju.
3. Við 4. gr. Í stað »gjaldþrota« komi: þrotamanns. — Sú breyting verði á orðinu alstaðar í frv.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna »eyðslu sinni — sama tíma« komi: gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á síðastliðnum missirum og hvernig fjenu hafi verið varið.
5. Við 13. gr. Í stað »arfláta« komi: arfleifanda.
6. Við 17. gr.
 - a. Í stað »skuldajafna við« komi: skuldjafna.
 - b. Í stað »skuldajafna« og »skuldajafnaðar« komi: skuldjafna, skuldjafnaðar.
7. Við 24. gr. Í stað orðanna »eftir ákvæðum næstu greinar« komi: eftir ákvæðum næstu greina.
8. Við 27. gr. Í stað »arfláta« komi: arfleifanda.
9. Við 29. gr. Í stað »gjaldþrotin byrja« komi: skiftin byrja.
10. Við 32. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Skiftaráðanda skal skylt, þar sem því verður við komið og máli skiftir (o. s. frv.).
11. Við 33. gr. Í stað orðanna í lok greinarinnar »þá getur hann« komi: og getur hann þá.

Tveir nefndarmanna tóku ekki þátt í meðferð málsins.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Gunnar Sigurðsson,
form.
með fyrirvara.

Hjeðinn Valdimarsson,
fundaskr.

Magnús Torfason,
frsm.